

# Sjöundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 11. júlí 2024 klukkan 17:00.

Mætt eru: Veronika G. Sigurvinsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti leitaði afbrigða á dagskrá fundarins og óskaði eftir því við fundarmenn að bæta einum lið við dagskrá fundarins og verður það fyrsta mál á dagskrá.

Samþykkt af öllum sveitarstjórnarmönnum.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

## 1. Sumarleyfi sveitarstjórnar

Oddviti leggur til að skrifstofa sveitarstjórnar verði lokuð 15. júlí 2024 til 6. ágúst 2024 vegna sumarleyfis.

Tillagan samþykkt samhljóða og oddvita falið að auglýsa lokunina.

## 2. Sorpmál

Undirritaður samningur við Íslenska Gámafélagið, dagsettur 2. júlí 2024, um þjónustu sorphirðu lagður fram.

Íslenska Gámafélagið tekur við sorphirðu sveitarfélagsins 1. ágúst 2024.

Í samræmi við innleiðingu hringrásarhagkerfisins, verða nú 3 flokkunartunnur við hvert heimili, almennt sorp, plast og pappi. Hætt verður að sækja lífrænt sorp en íbúum verða útvegaðar jarðgerðartunnur við hvert heimili, sem að sveitarfélagið hefur fest kaup á.

Tvær grenndarstöðvar, fyrir málma, gler og textíl, verða settar upp í sveitarfélaginu og staðsetning þeirra verður kynnt síðar.

Oddvita falið að útbúa kynningarefni í samstarfi við Íslenska Gámafélagið og dreifa til íbúa sveitarfélagsins.

## 3. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir

Lagt er fram minnisblað, dagsett 4. júlí 2024, ásamt Viðauka I – framlög vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða ágúst – desember 2024 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varaoddviti leggur til að skólamáltíðir verði gjaldfrjálssar fyrir leik- og grunnskólabörn.

Oddvita falið að leiða út áhrif gjaldfrjálssra skólamáltíða fyrir leik- og grunnskólabörn og leggja fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

4. Fundargerð 133. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga  
Fundargerð lögð fram.
5. Fundargerð 948. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fram.
6. Fundargerð 949. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fram.
7. Fundargerð 950. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:50.

Herdís Þórðardóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Þröstur Aðalbjarnarson – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Sigurbjörg Ottesen – sign